




ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

SKILAGREIN

BLÖNDUVIRKJUN
VEGAGERÐAREFNI Í BLÖNDUDAL

Skúli Víkingsson
OS82071/VOD35 B

Ágúst 1982



ORKUSTOFNUN

GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

SKILAGREIN

**BLÖNDUVIRKJUN
VEGAGERÐAREFNI Í BLÖNDUDAL**

Skúli Víkingsson
OS82071/VOD35 B

Ágúst 1982

Dagana 26. og 27. júlí leitaði ég að nothæfu burðarlagsefni fyrir veg sunnan Höllustaða í Blöndudal. Seinni daginn hafði ég gröfu til umráða og kannaði þá staði sem til greina komu.

Það er skemmst frá að segja að ekkert efni fannst í viðráðanlegri fjarlægð frá vegstæðinu nema smáhjallar beggja vegna Gilsár.

Á milli Höllustaða og Guðlaugsstaða eru sums staðar að því er virðist hjallar, en efnið reyndist vera allt að því jafnfínefnisríkt og jökulruðningurinn annars staðar. Sunnan við Guðlaugsstaði sést í hjallaefni undir þykku lagi af jökulruðningi, sem hefur lagst ofan á það. Þetta efni er með öllu óaðgengilegt fyrir veg, nema ef vegstæðið við Guðlaugsstaði verður lækkað, gæti nothæft efni komið þar í ljós undir moldar- og jökulruðningsþekjunni.

Við Gilsá ná hjallarnir um 200 m suður fyrir syðri bakka Gilsárgils. Á þessum kafla er brúnin alls staðar úr árseti, sem virðist ná allt að 10 m þykkt. Efnið er illa skolað og óvíst hvort það er nothæft í burðarlag, auk þess hefur jökulruðningur ofan úr hliðinni lagst ofan á hjallann og hulið hann að mestu. (Hóla 8 er grafin í þennan hluta hjallanna).

Besti hluti hjallanna er hornið norðan Gilsárgils, en þar virðist vera mjög lítið magn, líklega ekki nema um 1000 m³ af vel skoluðu efni. Hóla 1 er grafin á þessum stað og sýni úr henni sent Vegagerðinni á Sauðárkróki. Auk þess voru holur 3 og 5 grafnar í vel skoluðu og gröfu árseti, en þar er efnismagnið enn minna, nema að ársetið nái eitthvað inn undir jökulruðninginn, sem hefur sigið fram á hjallana. Hóla 7 gefur þó ekki mikil fyrirheit í þá átt. Hún er grafin um 30 m frá holu 1 og lengra frá brúninni. Í þessari holu komu fram skil milli jökulruðningsins og ársetsins, þannig að í nyrðri hluta holunnar var jökulruðningur a. m. k. 2 m þykkur en syðst í henni var árset á um 1,8 m dýpi.

GRYFJULÝSINGAR (sjá meðfylgjandi kort)

Hóla 1: (13 m frá brúninni Gilsármegin og 16-17 m frá brún Blöndumegin). 0,3 m mold. 0,3-1,0 m grýtt skolað efni. Stærstu steinar 0,3-0,5 m. 1,0-1,6 m minna grýtt og betur skolað. Sýni tekið úr efninu neðan moldar. 2 steinar (um 0,2 m í þvermál teknir úr). Sýnið sent Vegagerðinni á Sauðárkróki.

Hóla 2: (Hér hefur verið ýtt ofan af). Hart og máluborið efni, sem grafan vinnur ekki á.

Hóla 3: (Við brúnina). Aðallega steinar, möl og grófsandur, vel skolað. Efnið mjög svipað og í holu 1, nema meira um sand efst og ekki jafn mikið um mjög stóra steina. Stærsti steinn 0,3x0,5 m.

Töluvert um steina um 0,25 m á kant.

Hola 4: (í móa). 0,5 m mold. 0,5-2,1 m jökulruðningur. Á tveim stöðum sjást moldarleit lög, sem sýna að efnið ofan þeirra hefur skriðið fram.

Hola 5: (Grafin í grjóttás, sem stendur upp úr móanum og gengur í austur frá veginum). Mjög grýtt efni og lítið um fínefni. Stærsti steinn 0,5x0,6 m. Dýpi 1,3 m á 1 m dýpi er rauðarunnið lag.

Hola 6: (Grafin við hjallabrún um 100 m norðan Gilsár). 1,5 m jökulruðningur. Í botni verður eitthvað grýttara.

Hola 7: (Grafin mitt á milli holu 1 og holu 6). 1,8 m jökulruðningur. Þar fyrir neðan er skolað efni syðst í holunni en áfram jökulruðningur nyrst.

Hola 8: (Sunnan Gilsárgils. Grafin í gamalli ýtugryfju sem hefur fyllst af mold). Klaki á 1,4 m dýpi. Efnið allt mjög málublandað þótt það virðist ótvírætt sett til af á.

